

12 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð Kirkjufjelags Reykjavíkur«,
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 26. febr. 1921.
26. febr. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

»Styrktarsjóð Verkstjórufjelags Reykjavíkur«.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Styrktarsjóður Verkstjórufjelags Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tillögum verkstjóra þeirra, sem eru meðlimir Verkstjórufelags Reykjavíkur, og er hann í ársbyrjun 1921 kr. 3268.83.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkstjóra þá, sem í fjelaginu eru, sem og konur þeirra og börn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru árstíllög fjelagsmanna í Verkstjórufjelagi Reykjavíkur, sem er 1 kr. fyrir hvern almanaksmánuð eða 12 kr á ári, sem greiðast í tvennu lagi: 31. maí og 30. nóv. ár hvert. Vextir af höfuðstól og frjálsar gjafir.

5. gr.

Stjórn Verkstjórufjelags Reykjavíkur hefir á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sje ávaxtaðar með sömu tryggingu, sem fyrirskipuð er fyrir lánum af ómyndugra fje, sem og tekjur sjóðsins sjeu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður við komið að því leyti sem þeim er ekki varið til styrkveitinga samkv. 6. gr. Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsinins fyrir það ár, sem þá er að líða út, og skal sá ársreikningur endurskoðaður af sömu mönnum og kosnir eru til að endurskoða reikninga Verkstjórufelags Reykjavíkur samkvæmt lögum þess. Aðalfundur verkstjórufjelagsins leggur síðan úrskurð á reikninginn.

6. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn 4000 kr. má verja helming af vöxtum hans og helmingi árstíllaga til styrkveitinga. Þó má þegar sjerstakleg atvik ber að höndum, verja alt að því öllum ársvöxtum og helmingi árstíllaga í þessu skyni.

7. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið meðlimir Verkstjórufjelags Reykjavíkur, þegar þeir verða hjálparþurfa, sökum veikinda eða ellilasleika, sömuleiðis ekkjur þeirra og eftirlátin börn, sem hjálpar þurfa sjer til framsferis.

8. gr.

12

26. febr.

Styrk úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eru í henni stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur og 2 fjelagsmenn aðrir, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi fjelagsins. Um styrkveitingar skal sækja fyrir hver árslok, og eiga umsóknarbrjefum að fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjenda. Sje styrkur veittur skal því lokið, og honum úthlutað, fyrir aðalfund Verkstjórafélags Reykjavíkur ár hvert.

Nú verður svo ástátt um fjelagsmann, eða konu hans eða börn, vegna sérstakra óhappa af veikindum, slysum eða dauða, að nefndinni virðist bráð þörf á skjótri hjálp, en of langt að bíða næstu árlegrar styrksúthlutunar. Er nefndinni þá heimilt að veita styrk þá þegar, en leita skal hún þó áður samþykkis aukafundar í fjelaginu.

9. gr.

Skyldi svo fara að Verkstjórafélag Reykjavíkur leystist upp, skal sjóðurinn ganga til Ekknasjóðs Reykjavíkur svo framarlega sem hann þá er enn til og starfandi. En sje hann undir lok liðinn skal sjóðnum varið til styrktar stofnunar eða starfrækslu gamalmennahælis í Reykjavík. Sje það þá enn óstofnað, afhendist sjóðurinn bæjarstjórn Reykjavíkur til geymslu og ávöxtunar samkv. skipulagskrá þessari þartil, nefnt hæli verður stofnað.

10. gr.

Á skipulagskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Skipulagskrá þessi er þannig samþykkt á fundi Verkstjórafélags Reykjavíkur

12. des. 1920.

Reykjavík, 31. des. 1920.

Í stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur:

Bjarni Pjetursson

Jón Jónatansson.

Jóhannes Hjartarson.

Gjaldskrá

fyrir

notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin á gjaldskránni skal vera yfir árið, auk gjalds þess er síðar getur:

Fyrir 1 ljós 16 kerta kr.	7,00
— 2 — — — —	13,00
— 3 — — — —	19,00
— 4 — — — —	25,00
— 5 — — — —	30,00

Síðan 5 krónur að auki fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir upp í 20 ljós, en 4 krónur fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir.

13

3. mars.